


Fjölbreytt starf Norsk- Islandsk Samband

Norsk-Islandsk Samband eða Norsk-íslenska félagið í Ósló er að hefja vetrarstarf sitt og mun fyrir áramót gangast fyrir kynningu á íslenskum bókmenntum. Á vegum félagsins mun Peter Hallberg, prófessor, ræða um Halldór Laxness og nokkru síðar ræðir Dagný Kristjánsdóttir, lektor við Nordisk Institutt, um íslenskar kvennabókmenntir eftir síðari heimsstyrjöldina. Þá hefur Norsk-Islandsk Samband einnig á döfinni að efna til tónleika með íslenskri tónlist í Munch-safninu í Ósló undir forystu Kjell Bækkelund.

Ársskýrsla Norsk-Islandsk Samband fyrir 1982 hefur að geyma ræðu þá er frá Vigdís Finnboga-



dóttir, forseti Íslands, flutti í boði norsku ríkisstjórnarinnar þegar forseti var í opinberri heimsókn í Noregi í október 1981. Þá er í skýrslunni ritgerð eftir Pál Ásgeir Tryggvason, sendiherra Íslands í Noregi, um íslenska utanríkisstefnu fyrr og nú. Hermann Pálsson, prófessor skrifar um Norðmenn, Íslendinga og gamlar bækur.

Birt er ljóð eftir Matthías Jóhannessen — Jente með Brune Augo í þýðingu Ivar Orkland. Brynjólfur Sæmundsson, lektor í íslensku við háskólann í Björgvin, skrifar um íslenskan atómskáldskap. Guðbjörg Kristjánsdóttir, kennari við Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík, ritar um listvefnað Ásgerðar Búadóttur.

Norsk-Islandsk Samband var stofnað haustið 1947 í því skyni að kynna Íslendinga og efla tengslin milli Íslendinga og Norðmanna. Þetta ár var Snorrahátiðin í Reykholti þegar hin fræga stytta Gustav Aghland af Snorra Sturlusyni var afhjúpuð af Ólafi páverandi krónprins Norðmanna. Eftir heimkomuna frá Snorrahátiðinni beiðu nokkrir Norðmenn sér fyrir að Norsk-Islandsk Samband var stofnað. Þess má geta að vegna Vestmannaeyjagossins stóð félagið fyrir landssöfnun í Noregi til hjálpar þeim sem urðu að yfirgefa heimili sín vegna gossins og söfnuðust þá 7,5 milljón norskar krónur eða um 20 milljónir íslenskar krónur á núverandi gengi.

Í Norsk Islandsk Samband eru um 200 félagar, Mads Tønnesson Andersen, lögfræðingur, er formaður félagsins.

Kynna nýja hljóðtölvu

Hljóðfæraverslun Paul Bernburg í Reykjavík kynnir þessa dagana nýja hljómtölvu, Dx 7, frá Yamaha. Tölva þessi er það nýjasta á heimsmarkaði á þessu sviði og tónlistarmenn segja, að hún sýni og komi í stað hljóðgervla af mörgu tagi, rafmagnspíanó og strengjaboxa, auk venjulegra hljóðfæra af flestum gerðum, segir í frétt frá fyrirtækinu.



Hljóðfærið vegur aðeins tæp fimmtán kíló og er ekki stærra um sig en venjulegt rafmagnspíanó. Á því er fimm áttunda börð og það er pólitónískt á sextán nótum. Þrjátíu og tvær raddir hafa þegar verið hljóðritaðar á tölvuna en hægt er

að nota 128 raddir til viðbótar sem fylgja á sérstökum snældum.

Dx 7-hljómtölvan frá Yamaha verður kynnt sérstaklega í hljóðfæraverslun Paul Bernburg á föstudag frá kl. 16 til 18 og á laugardag frá 12.

Fyrirlestur um tölvubyltingu

DR. CLARENCE A. Ellis flytur fyrirlestur í boði viðskiptadeildar föstudaginn 11. nóvember 1983 kl. 16.15 í Arnagarði, stofu 201. Fyrirlesturinn nefnist „Næsta bylting í tölvuvæðingu á skrifstofu“ og verður fluttur á ensku. Öllum er heimill aðgangur.

Dr. Ellis lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Illinois árið 1969 og hefur meðal annars starfað sem prófessor við MIT og háskólann í Taiwan. Árið 1976 hóf Dr. Ellis störf á rannsóknarstofu XEROX í Palo Alto og hefur unnið þar síðan. (Frétt frá Háskóla Íslands.)

smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar

þjónusta

ARÐUR
VERDBREIFAMARKAÐUR
HUSI VERSLUNARINNAR - SÍMI 83320
KAUP OG SALA VEÐSKULDAFREFA

til sölu

Heildsöluútsalan
selur ódýrar sængurgjafir o.fl.
Freyjugötu 9. Opíð frá kl. 13—18.

félagslíf

I.O.O.F. 1 ■ 16511118½ ■
□ Helgafell 598311117 IV/V - 2
I.O.O.F. 12 ■ 16511118½ ■

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía

Almenn samkoma kl. 17.00 og
kl. 20.30. Ræðumaður: Bertil
Ólingdal.

ANGLIA

**Félagið Anglia
byrjar enskukennslu
(talæfingar)**
fyrir börn 7—14 ára. Kennit
verður á laugardögum frá kl.
10—12 frá og með laugardegin-
num 12. nóvember. Kennslustað-
ur verður að Amtmannsstíg 2
(bakhúsi). Uppl. í síma 12371.
Stjórn Anglia.

FERDAFÉLAG ÍSLANDS ÖLDUGÖTU 3

SÍMAR 11798 og 19533.
**Sunnudagur 13. nóv.
kl. 13.00**
Gönguferð á Grimmannsfell.
Létt ganga sem allir í fjölskyld-
unni geta tekið þátt í. Verið vel
búið. Allir velkomnir, bæði fé-
lagsmenn og aðrir. Verð kr. 200,
gr. v/ bilinn. Farið frá Umferð-
armiðstöðinni að austanverðu.
Ferðafélag Íslands.

Frá Guðspeki- félaginu

Áskriftarsími
Ganglara er
39573.
Fundur verður í kvöld föstudag-
inn 11. nóv. kl. 21.00.
Sigvaldi Hjálmarsson flytur er-
indi sem hann nefnir: Helgidóm-
ar einverunnar. Stjórnin.

**Kvenfélag Grensás-
sóknar**
heldur basar í Safnaðarheimilinu
á Háaleitisbraut laugardaginn
12. nóv. kl. 3. Tekið verður á

móti kökum og munum í dag frá
kl. 18—22. Félagssundur verður
mánudaginn 14. nóv. kl. 20.30
m.a. verður tiskusýning frá
Verðlistanum. Allar konur vel-
komnar. Stjórnin.



Skíðadeild Víkinga
Aðalfundur skíðadeildar Víkinga
verður haldinn í félagsheimilinu
við Hæðargarð fimmtudaginn
17. nóvember kl. 20.30. Stjórnin.

raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

tilboð — útboð



Fyrir hönd innkaupaneftndar sjúkrastofnana er óskað eftir tilboðum í handþurrkur, salern-
ispappír og eldhúsrúllur fyrir sjúkrahús og
heilsugæzlustofnanir á höfuðborgarsvæðinu
og víðar.
Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri og
skal tilboðum skilað á sama stað eigi síðar
en kl. 11.00 f.h. þriðjudaginn 29. nóv. nk. og
verða þá opnuð í viðurvist viðstaddra bjóð-
enda.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

Borgartúni 7, sími 26844.

tilkynningar

Innritun á vorönn 1984

Innritun nýrra nemenda á vorönn 1984 er
hafin. Umsóknir ásamt gögnum um fyrra nám
verða að hafa borist skrifstofu skólans fyrir
20. nóvember nk. Kennslan fer fram eftir
áfangakerfi og skulu væntanlegir nemendur
koma til viðtals við áfangastjóra áður en um-
sóknarfrestur rennur út.

2. nóvember 1983.
Skólastjóri.



**VÉLSKÓLI
ÍSLANDS**

Tilkynning til sökuskattsgreiðenda

Athygli söluskattegreiðenda skal vakin á því,
að gjalddagi söluskatte fyrir októbermánuð
er 15. nóvember. Ber þá að skila skattinum
til innheimtumanna ríkissjóðs ásamt sölu-
skattsskýrslu í þríriti.

Fjármálaráðuneytið.



Frá Fjölbrotaskólanum við Ármúla

innritun nemenda á vorönn 1984 líkur föstu-
daginn 18. nóvember. Fyrri umsóknir þarf að
staðfesta fyrir sama tíma.

Skólameistari.

húsnæði óskast

Skrifstofuhúsnæði óskast

Skrifstofuhúsnæði með fundaraðstöðu
óskast sem fyrst. Helst sem næst miðbæn-
um. Tilboð sendist blaðinu merkt: „Miðlun —
1702“.

óskast keypt

Síld — Frysting

Kaupum síld til frystingar.

Brynjólfur hf. Njarðvík. Sími
92-1264 og 91-41412 eftir kl. 9
á kvöldin og um helgar.

Sumarbústaðarlóð óskast

Vil kaupa lóð undir sumarbústað í eins til
tveggja tíma akstri frá Reykjavík. Þarf helst
að vera við vatn eða á, með veiðiréttindum.
Þeir sem áhuga hafa, sendi tilboð til af-
greiðslu Morgunblaðsins, merkt: „Sumar-
bústaðarlóð — 34“.

fundir — mannfagnaðir

Lífeyrissjóðurinn Hlíf

auglýsir aðalfund sem verður haldinn laug-
ardaginn 12. nóv. kl. 14.00 að Borgartúni 18.
Dagskrá:
Reglugerðarbreytingar.
Venjuleg aðalfundræstir.

Stjórnin.